# STEFNA MOSFELLSBÆJAR

MOSFELLSBÆR

MOSFELLSBÆR ER **FJÖLSKYLDUVÆNT**, **HEILSUEFLANDI** OG **FRAMSÆKIÐ** BÆJARFÉLAG SEM SETUR **UMHVERFIÐ** Í ÖNDVEGI OG HEFUR ÞARFIR OG **VELFERÐ ÍBÚA** AÐ LEIÐARLJÓSI.

GILDI

- lýsa starfsemi okkar, menningu þjónustu og vinnubrögðum

## Virðing

Við ávinnum okkur virðingu með því að vera heiðarleg, kurteis og traust. Starfsfólk er tillitssamt, einlægt og fagnar fjölbreytileikanum.

## Jákvæðni

Við erum jákvæð með því að hlusta og hrósa af einlægni. Víðsýni og þakklæti eru okkar einkunnarorð og hjá Mosfellsbæ er tekist á við ný verkefni með lausn í huga.

## Framsækni

Við höfum vilja, áræðni og hugrekki til að vera framsækin. Starfsfólk tileinkar sér nýjungar, leggur áherslu á starfsþróun og skilvirk vinnubrögð.

## Umhyggja

Við sýnum umhyggju með því að vilja öðrum vel, vera kærleiksrík og jákvæð í framkomu. Áhugi og hjálpsemi einkennir allt okkar starf.

# ÁHERSLUR
- móta og stýra starfsemi okkar til næstu ára

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING
4 MENNTUN FYRIR ALLA

## VEITUM ÞJÓNUSTU SEM MÆTIR ÞÖRFUM

Við vinnum í þágu samfélagsins og stærstu verkefni næstu ára felast í að auka lífsgæði bæjarbúa og ánægju starfsmanna í stækkandi bæjarfélagi. Það gerum við með því að vera framsækin og nýta félagsauðinn í þágu samfélagsins.

FLOTT FÓLK

RÉTT ÞJÓNUSTA

STOLT SAMFÉLAG

MOSFELLSBÆR

## ERUM TIL STAÐAR FYRIR FÓLK

Við veitum markvissa og persónulega þjónustu og leitumst við að sjá fyrir þarfir þeirra sem til okkar leita. Skilvirkni einkennir vinnubrögð og við höfum ætíð í huga með hvaða hætti má spara íbúum og öðrum viðskiptavinum sporin.

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR
5 JAFNRÉTTI KYNJANNA
3 HEILSA OG VELLÍÐAN

## ÞRÓUM SAMFÉLAGIÐ Í RÉTTA ÁTT

Við styðjum við aðgerðir sem auka heilbrigði, samheldni og samvinnu milli starfsmanna og íbúa. Mosfellsbær er sveit í borg og það viljum við varðveita og búa þannig um hnútana að almenn sátt ríki um þjónustu og verkefni sveitarfélagsins.

3 HEILSA OG VELLÍÐAN
11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG
10 AUKINN JÖFNUÐUR

# HEIMSMARKMIÐ

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru gerð með það markmið að leiða til betra lífs, lífsskilyrða og umhverfis árið 2030. Ísland er eitt þeirra aðildarríkja sem hefur samþykkt að vinna að heimsmarkmiðunum og hefur ríkisstjórnin forgangsraðað þeim sérstaklega.

Við gerð markmiðasetningarinnar var tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og einstök markmið og áherslur tengdar við tilheyrandi heimsmarkmið.

Í allri stefnumótun Mosfellsbæjar er horft til þess að tengja áherslur og einstaka aðgerðir við framgang heimsmarkmiðanna.



# RÉTT ÞJÓNUSTA

Þjónusta Mosfellsbæjar er veitt eins nálægt bæjarbúum og frekast er unnt. Vöxtur sveitarfélagsins hefur jákvæð áhrif á þjónustu og þjónustustig. Markmið um þjónustu eru skýr og raunhæf. Þjónustuferlar eru hannaðir með þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi. Þjónustan er skilvirk, aðgengileg fyrir alla og upplýsingatækni er nýtt til hins ýtrasta með snjöllum hætti.

PERSÓNULEG

SKILVIRK

SNJÖLL

# RÉTT ÞJÓNUSTA

**PERSÓNULEG**
Við veitum persónulega þjónustu og leitumst við að mæta íbúum og öðrum sem næst þeirra vettvangi. Við byggjum upp traust í samskiptum, sýnum alúð og tryggjum gegnsæi í ákvörðunum.

**SKILVIRK**
Við viljum sjá skilvirkni sem einkenni á okkar vinnubrögðum. Jöfnum álag milli starfsmanna innan og milli tímabila. Ferlar eru þekktir, skráðir og í stöðugri endurskoðun.

**SNJÖLL**
Við nýtum snjallar lausnir og spörum íbúum sporin með rafrænni þjónustu sem fyrsta valkost. Þannig eykst aðgengi og afgreiðsluhraði auk þess að hafa jákvæð umhverfisleg áhrif.

## ÁHERSLUVERKEFNI

**1 STAFRÆN VEGFERÐ**

- Að þjónustuþættir Mosfellsbæjar verði í áföngum stafrænir og snjallar lausnir notaðar þar sem við á

**2 NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA**

- Að þjónusta Mosfellsbæjar verði hugsuð og hönnuð út frá notendum

**MÆLANLEG MARKMIÐ**

- AÐ 30% AF ÞEIRRI ÞJÓNUSTU SEM VEITT ER VERÐI LEYST Í FYRSTU SNERTINGU
- AÐ HEIMSÓKNUM OG SÍMTÖLUM Í ÞJÓNUSTUVERIÐ FÆKKI UM 50%

# FLOTT **FÓLK**

Starfsfólk Mosfellsbæjar sinnir íbúum af kostgæfni og hlustað er sjónarmið þeirra. Félagsauður er virkur í samstarfi og Mosfellsbær nýtur góðs af sterkum tengingum á milli fólks. Til staðar er virðing gagnvart ólíkum störfum og starfsfólk starfar sem ein heild þvert á svið og stofnanir. Rekstur og starfsemi sveitarfélagsins er til fyrirmyndar og gerir alla  stolta af því að vera Mosfellingar.

SAMSTARFSFÚS

FRAMSÆKIN

MEÐVITUÐ

# FLOTT
# FÓLK

## SAMSTARFSFÚS
Við virkjum félagsauðinn í gegnum samspil félagsstarfs og starfsmanna. Virkt íbúalýðræði og samráð leiðir til samtals og samvinnu milli starfsmanna, íbúa og kjörinna fulltrúa.

## FRAMSÆKIN
Við erum framsækin, samstiga og höfum þor til að þróa nýjar leiðir í starfseminni. Við gætum að símenntun starfsmanna og sköpum fjölskylduvænt starfsumhverfi þar sem ríkir launajafnrétti.

## MEÐVITUÐ
Við viljum vera til fyrirmyndar varðandi rekstur og þróun starfseminnar. Íbúar og starfsmenn eru meðvitaðir um kostnað. Sveitarfélagið er rekið af ábyrgð og þannig afhendum við rekstur þess til komandi kynslóða.

# ÁHERSLUVERKEFNI

3 FRÆÐSLA Í FORGRUNNI

- Að fræðsla og símenntun starfsmanna verði aðgengileg öllum stofnunum á rafrænan hátt

4 MENNTUN FYRIR ALLA · 5 JAFNRÉTTI KYNJANNA · 10 AUKINN JÖFNUÐUR

4 EFTIRSÓTTUR VINNUSTAÐUR

- Að Mosfellsbær sé eftirsóttur vinnustaður sem leggur áherslu á fjölskylduvænt og sveigjanlegt vinnuumhverfi í heilsueflandi samfélagi

3 HEILSA OG VELLÍÐAN · 5 JAFNRÉTTI KYNJANNA · 10 AUKINN JÖFNUÐUR

MÆLANLEG MARKMIÐ

- MÆLD STARFSÁNÆGJA AUKIST ÚR 4,2 Í 4,4

# STOLT SAMFÉLAG

Samfélagið er fyrir alla óháð aldri eða samfélagsstöðu. Í Mosfellsbæ er hvatt til hreyfingar og heilsusamlegs lífstíls með því að styðja við frístundir, menningu og listir.
Umhverfisvitund er efld með fræðslu og góðu fordæmi. Byggð fellur vel að landi, náttúru og bæjarbragnum. Upplýsingamiðlun innan bæjarins styður við skilning og þekkingu milli ólíkra hópa.

EFTIRSÓTT

HEILBRIGÐ

SJÁLFBÆR

# STOLT SAMFÉLAG

### EFTIRSÓTT
Við erum eftirsótt samfélag fyrir íbúa og spennandi valkostur fyrir nýja Mosfellinga. Mosfellsbær mun þróast samkvæmt þörfum samfélagsins í sátt við umhverfi og náttúru.

### HEILBRIGÐ
Við erum heilsueflandi samfélag. Við hvetjum, eflum og styðjum íbúa til að stunda heilsusamlegan lífstíl og lækkum þröskulda til þátttöku.

### SJÁLFBÆR
Við látum umhverfið okkur varða og sinnum málaflokknum af kostgæfni. Nálægð við náttúruperlur og vernd þeirra er nýtt samfélaginu til góðs og til að vekja athygli á sveitarfélaginu.

## ÁHERSLUVERKEFNI

5

HEILLANDI MOSFELLSBÆR

- Að markaðssetja Mosfellsbæ sem fjölskylduvænt sveitarfélag sem leggur áherslu á umhverfið, heilsueflingu íbúa og laðar að fólk sem horfir til minni mengunar og grænnar náttúru.










MÆLANLEG MARKMIÐ

- MOSFELLSBÆR MÆLIST Í 1. SÆTI SVEITARFÉLAGA Í ÞJÓNUSTUKÖNNUN GALLUP
- SÉRTÆKAR ÞJÓNUSTUMÆLINGAR

MOSFELLSBÆR

# ÁHERSLUR

- móta og stýra starfsemi okkar til næstu ára

## RÉTT **ÞJÓNUSTA**

**PERSÓNULEG**
Við veitum persónulega þjónustu og leitumst við að mæta íbúum og öðrum sem næst þeirra vettvangi. Við byggjum upp traust í samskiptum, sýnum alúð og tryggjum gegnsæi í ákvörðunum.

**SKILVIRK**
Við viljum sjá skilvirkni sem einkenni á okkar vinnubrögðum. Jöfnum álag milli starfsmanna innan og milli tímabila. Ferlar eru þekktir, skráðir og í stöðugri endurskoðun.

**SNJÖLL**
Við nýtum snjallar lausnir og spörum íbúum sporin með rafrænni þjónustu sem fyrsta valkost. Þannig eykst aðgengi og afgreiðsluhraði auk þess að hafa jákvæð umhverfisleg áhrif.

## FLOTT **FÓLK**

**SAMSTARFSFÚS**
Við virkjum félagsauðinn í gegnum samspil félagsstarfs og starfsmanna. Virkt íbúalýðræði og samráð leiðir til samtals og samvinnu milli starfsmanna, íbúa og kjörinna fulltrúa.

**FRAMSÆKIN**
Við erum framsækin, samstiga og höfum þor til að þróa nýjar leiðir í starfseminni. Við gætum að símenntun starfsmanna og sköpum fjölskylduvænt starfsumhverfi þar sem ríkir launajafnrétti.

**MEÐVITUÐ**
Við viljum vera til fyrirmyndar varðandi rekstur og þróun starfseminnar. Íbúar og starfsmenn eru meðvitaðir um kostnað. Sveitarfélagið er rekið af ábyrgð og þannig afhendum við rekstur þess til komandi kynslóða.

## STOLT **SAMFÉLAG**

**EFTIRSÓTT**
Við erum eftirsótt samfélag fyrir íbúa og spennandi valkostur fyrir nýja Mosfellinga. Mosfellsbær mun þróast samkvæmt þörfum samfélagsins í sátt við umhverfi og náttúru.

**HEILBRIGÐ**
Við erum heilsueflandi samfélag. Við hvetjum, eflum og styðjum íbúa til að stunda heilsusamlegan lífstíl og lækkum þröskulda til þátttöku.

**SJÁLFBÆR**
Við látum umhverfið okkur varða og sinnum málaflokknum af kostgæfni. Nálægð við náttúruperlur og vernd þeirra er nýtt samfélaginu til góðs og til að vekja athygli á sveitarfélaginu.

MARKMIÐ

# RÉTT ÞJÓNUSTA

FORGANGSVERKEFNI

Í PÍPUNNI

## STAFRÆN VEGFERÐ

### STAFRÆN FRÍSTUND

UNNIÐ VERÐI AÐ ÞVÍ AÐ GERA ALLT FERLIÐ, UMSÓKNIR OG MIÐLUN UPPLÝSINGA VARÐANDI FRÍSTUND STAFRÆNT.

### MÆLINGAR

UNNIÐ VERÐI AÐ FINNA INNRI MÆLIKVARÐA SEM HÆGT ER AÐ STYÐJAST VIÐ Í STAFRÆNNI UMBREYTINGU

### STAFRÆN FRAMTÍÐ

UPPLÝSA STARFSFÓLK OG STJÓRNENDUR UM STAFRÆNA VEGFERÐ OG GEFA ÞEIM FÆRI Á AÐ VERA ÞÁTTTAKENDUR.

## NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

### ÞJÓNUSTUKORT

KORTLEGGJA ALLA ÞJÓNUSTUÞÆTTI SEM MOSFELLBÆR VEITIR MEÐ ÞJÓNUSTUKORTI.

### ÞJÓNUSTUSTEFNA

MÓTUN ÞJÓNUSTUMARKMIÐA (5-10) SEM MÆLA UPPLIFUN ÍBÚA AF ÞJÓNUSTU MOSFELLSBÆJAR

### VOTTUÐ ÞJÓNUSTA

KANNA FÝSILEIKA ÞESS AÐ TAKA UPP ISO VOTTUN Á STJÓRNSÝSLU- OG ÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGSINS

## JUST DO IT VERKEFNI

### BABEL TURNINN

AÐ HEIMASÍÐAN VERÐI AÐGENGILEG ÖLLUM ÍBÚUM MOSFELLSBÆJAR (Á ÖLLUM TUNGUMÁLUM)

MARKMIÐ

# FLOTT FÓLK

FORGANGSVERKEFNI

Í PÍPUNNI

FRÆÐSLA STARFSMANNA

RAFRÆNN FRÆÐSLUGRUNNUR

UNNIÐ VERÐI AÐ ÞVÍ AÐ SETJA UPP RAFRÆNAN FRÆÐSLUGRUNN Á WORKPLACE

PRUFUINNLEIÐING

EIN EINING INNAN MOSFELLSBÆJAR INNLEIÐI NÝTT FRÆÐSLUKERFI

INNLEIÐING ALLAR STOFNANIR

ALLAR STOFNANIR FARI Í GEGNUM INNLEIÐINGUNA Í ÁFÖNGUM

EFTIRSÓTTUR VINNUSTAÐUR

SVEIGJANLEGT VINNUUMHVERFI

KORTLEGGJA ÞARFIR OG VÆNTINGAR STARFSFÓLKS OG ÚTFÆRA ÁÆTLUN.

VINNUVIKAN

INNLEIÐA STYTTINGU VINNUVIKUNNAR ÚTFRÁ KJARASAMNINGUM OG VINNA INNLEIÐINGUNA MEÐ STARFSMÖNNUM.

JUST DO IT VERKEFNI

MARKMIÐ

# STOLT SAMFÉLAG

FORGANGSVERKEFNI

Í PÍPUNNI

HEILLANDI MOSFELLSBÆR

## KYNNINGAREFNI

RAFRÆNT KYNNINGAREFNI Í SÖGUFORMI SEM DREGUR FRAM KOSTI MOSFELLSBÆJAR OG LAÐAR AÐ FÓLK SEM KÝS MINNI MENGUN OG GRÆNAN LÍFSSTÍL

## HREYFISTÖÐVAR

SETJA UPP 2 HREYFISTÖÐVAR VIÐ VALDAR GÖNGULEIÐIR

JUST DO IT VERKEFNI

## MÓTTAKA NÝRRA ÍBÚA

TRYGGJA GOTT RAFRÆNT AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM FYRIR NÝJA ÍBÚA

## SMÁFORRIT ÚTIVISTAR

ÞRÓA SMÁFORRIT SEM SÝNIR HELSTU ÚTIVISTARMÖGULEIKA MOSFELLSBÆJAR